

REGLUR

um breytingu á reglum Mosfellsbæjar um fjárhagsaðstoð nr. 1722/2021.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. reglnanna:

- a. 7. tölul. orðast svo: Við þriðju umsókn um fjárhagsaðstoð er gerð krafa um að umsækjandi mæti til viðtals til félagsráðgjafa til að umsókn teljist fullgild. Þá skal umsækjandi sækja regluleg viðtöl til félagsráðgjafa með það að markmiði að vinna úr félagslegum vanda umsækjanda.
- b. 8. tölul. fellur brott.

2. gr.

Við 11. gr. reglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sýni bankayfirlit að eignir umsækjanda séu yfir grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar á hann ekki rétt á fjárhagsaðstoð.

3. gr.

E-liður 1. mgr. 14. gr. reglnanna orðast svo:

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu eigi umsækjandi ekki möguleika á fyrirgreiðslu í banka, hjá Leiguvernd eða sambærilegum aðilum. Staðfesting þess efnis skal liggja fyrir. Skilyrði er að viðkomandi geti greitt áfallandi leigumánuð sjálfur. Þinglýstur húsaleigusamningur til að minnsta kosti sex mánaða þarf að liggja fyrir. Hámark upphæðar er 312.000 kr. Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán. Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

4. gr.

Við reglurnar bætist ný grein er verður 15. gr., svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Heimilt er að veita sérstaka aðstoð í málum þar sem verið er að veita viðtækan og markvissan stuðning og unnið er samkvæmt einstaklingsáætlun. Skilyrði er að umsækjandi eigi í miklum félagslegum erfiðleikum og að það sé mat félagsráðgjafa að vinna þurfi markvisst eftir einstaklingsáætlun. Aðstoðin miðar að því að stuðla að og viðhalda árangri með úrræðum og stuðningsvinnu. Þá er heimilt er að veita styrk til foreldra vegna sérstakra þarfa barna enda sé það hluti af umfangsmikilli einstaklingsáætlun og til þess fallið að tryggja að árangur í vinnu í máli viðkomandi glatist ekki.

5. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarnefndar 18. apríl 2023 og á fundi bæjarstjórnar 26. apríl 2023, eru byggðar á 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Mosfellsbæ, 28. apríl 2023.

Sigurbjörg Fjölнисdóttir framkvæmdastjóri velferðarsviðs.